

# Fréttabréf fimleikadeildar Stjörnunnar

Október 2018



## 31 iðkandi Stjörnunnar í landsliðum Íslands á leið á EM í hópfimleikum

Við erum afar stolt af öllum þeim fjölda iðkenda Stjörnunnar sem voru valin í landsliðin fjögur til að keppa á Evrópumótinu í hópfimleikum í Portúgal dagana 15. til 21. október.

Við erum einnig svo heppin að mikill fjöldi þessara iðkenda eru einnig þjálfarar hjá deildinni sem þýðir að iðkendur okkar hafa þessar flottu fyrirmyndir sem þjálfara. En þar sem þau verða fjarverandi í viku verður einhver röskun á æfingum. Þegar úrslitin fara fram föstudaginn 19. okt og laugardaginn 20. okt. munum við fella niður æfingar svo bæði iðkendur og þjálfara geti fylgst með og hvatt landslið Íslands áfram. Nánari upplýsingar um niðurfellingar á æfingum og hvernig það verður unnið upp verður sent í pósti til þeirra sem eiga í hlut þegar nær dregur.

Áfram Ísland!

### Keyrslumót landsliða 6. október

Laugardaginn 6. október munu  
landsliðin halda svokallað  
keyrslumót sem fram fer hér í  
Stjörninni klukkan 16:00

Einstakt tækifæri til að sjá besta  
hópfimleikafólk landsins og styðja  
þau á síðustu metrunum

### Mótagjöld

Fimleikasamband Íslands hefur tekið yfir greiðslur fyrir dómara á FSÍ mótum. Framvegis mun því FSÍ rukka félögin um bæði mótagjald og dómaragjald. Þessi kostnaður hefur hækkað og því sér deildin sér ekki annað fært en að hækka mótagjald iðkenda í samræmi við það. Áfram mun deildin greiða þjálfaralaun á mótum.

Mótagjald haustið 2018 er því 4900 kr.



### Nýr félagsgalli / innmarsgalli Stjörnunnar

Nýr félagsgalli Stjörnunnar er til sölu í Sportlandi, Garðatorgi.

Allir sem ætla að keppa í vetur þurfa að eiga svona peysu í innmars. Auk þess eru drengir í svörtu GK keppnisbuxunum og stúlkur í svörtum GK leggings.

### Sportabler

Stjarnan hefur gert samning við Sportabler sem er forrit til að auðvelda samskipti þjálfara við forráðmenn og iðkendur og mun koma í staðin fyrir facebook samskipti. Forritið byggir á appi sem forráðamenn og iðkendur sækja og er mjög auðvelt í notkun.

Forráðamenn og iðkendur munum fá upplýsinga pósta frá hverri deild/þjálfara